

## AUGLÝSING

### um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS  
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 143. löggjafarþings, frá 18. júní 2014 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 9. september 2014.

*Gjört á Bessastöðum, 18. júní 2014.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.*

Alþingi samþykkti hinn 18. júní 2014 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 143. löggjafarþings, frestað hinn 18. júní 2014.

*Forsætisráðuneytinu, 19. júní 2014.*

F. h. r.  
**Ágúst Geir Ágústsson.**

\_\_\_\_\_  
*Þórhalla Rein Aðalgeirsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
A-deild – Útgáfud.: 19. júní 2014